

Norðfjörður

Berglind Björk Arnfinnsdóttir



Norðfjörður

Berglind Björk Arnfinnsdóttir

Formáli

Þessi bók er lokaverkefnið mitt við Verkmenntaskóla Austurlands.

Í henni má finna ýmis merkileg ártöl í sögu Norðfjarðar á síðustu 150 árum. Ástæðan fyrir því að ég valdi að fjalla um áhugaverð ártöl í sögu Norðfjarðar var sú að mig langaði að fræðast betur um sögu bæjarinns.

Að þessu sögðu vil ég þakka leiðbeinanda mínum, Ágústi Inga

Ágústssyni fyrir góða og vandaða leiðsögn og ég vil einnig þakka

foreldrum mínum fyrir að lesa yfir bókina og einnig fyrir það að hvetja mig áfram.

Efnisyfirlit

Formáli	Bls 5
Árið 1870	Bls 8 - 9
Árið 1874	Bls 10 - 11
Árið 1905	Bls 12 - 13
Árið 1915	Bls 14 - 15
Árið 1922	Bls 16 - 17
Árið 1929	Bls 18 - 19
Árið 1931	Bls 20 - 21
Árið 1932	Bls 22 - 23
Árið 1936	Bls 24 - 25
Árið 1943	Bls 26 - 27
Árið 1949	Bls 28 - 29
Árið 1957	Bls 30 - 31
Árið 1957	Bls 32 - 33

Árið 1958	Bls 34 - 35
Árið 1963	Bls 36 - 37
Árið 1965	Bls 38 - 39
Árið 1965	Bls 40 - 41
Árið 1974	Bls 42 - 43
Árið 1977	Bls 44 - 45
Árið 1987	Bls 46 - 47
Árið 1993	Bls 48 - 49
Árið 2001	Bls 50 - 51
Árið 2001	Bls 52 - 53
Árið 2005	Bls 54 - 55
Árið 2011	Bls 56 - 57
Árið 2014	Bls 58 - 59
Árið 2014	Bls 60 - 61
Árið 2016	Bls 62 - 63
Heimildir	Bls 64 - 65




1870



Saltfiskverkun hófst í miklum mæli árið 1870 í Norðfirði og við það eflist útgerð (Norðfjörður, e.d.).



1874



Fimm menn voru kosnir í hreppsnefnd Norðfjarðar 20. Júní árið 1874. Þar sátu: Bjarni Stefánsson hreppstjóri á Ormstöðum, Guðmundur Magnússon í Fannardal, Halldór Stefánsson á Bakka, Hávarður Einarsson í Hellisfirði og séra Magnús Jónsson á Skorrastað. Halldór á Bakka var gjaldkeri og séra Magnús settist í oddvitasætið.

Í verkahring hreppsnefnda komu mál eins og skatta- og fátækramál, ýmiss konar búnaðarmál, svo sem notkun afrétta, fjallskil, fénaðarheimtur og refaeyðing, sem og vegamál og fleira (Ögmundur Helgason, 2006).



1905



Árið 1905 eignuðust Norðfirðingar sína fyrstu vélbáta og á þeim tíma voru gerðir út um 60 bátar til fiskveiða og voru það merk tímamót. Íbúum Nesporps voru á þessum tíma orðnir um 355 talsins, sem þýðir að mikil fjölgun íbúa hafði átt sér stað frá árinu 1895 en þá voru íbúar um 180 (Norðfjörður, e.d.).




1915




Ungmennafélag var stofnað í Norðfjarðarsveit 13. Júní árið 1915. Stofnfélagarnir voru 22 talsins, 13 karlar og 9 konur. Félagið var fyrst nefnt Ungmennafélag Norðfjarðarhrepps en fékk svo nafnið Egill Rauði 22. Ágúst árið 1915 þegar að það var samþykkt.

Í lok árs 1916 voru skráðir félagsmenn orðnir 33, 57 í lok árs 1920, 83 í lok árs 1925 og árið 1930 voru um 100 skráðir. Það tóku ekki allir félagsmenn virkan þátt í félaginu en fram að 1930 var algengt að milli tuttugu og fjörutíu manns mættu á fundina. Félagsmenn voru að meiri hluta fólk sem búsett var í sveitinni, en það voru þó nokkrir sem voru úr bænum (Smári Geirsson, 2009).




1922



Árið 1922 var Verkalýðsfélag Norðfjarðar stofnað. Það varð aðili að Alpýðusambandi Íslands og tengdist þá um leið Alpýðuflokknum. Árið 1924 var Jónas Guðmundsson kennari kjörinn formaður félagsins og árið 1925 var hann kjörinn í hreppsnefnd. Hann var helsti forystumaður jafnaðarmanna hér þar til hann flutti til Reykjavíkur árið 1936.

Viðurkenning náðist eftir tveggja mánaða verkfall árið 1926 á samningsrétti félagsins og að laun yrðu greidd í peningum en ekki aðeins í vöruúttekt hjá kaupmönnum. Árið 1929 náði Alpýðuflokkurinn meiri hluta í fyrstu bæjarstjórn

Neskaupstaðar (Hjörleifur Guttormsson, 2005).




1929



Árið 1929 var samþykkt að heiti kaupstaðarins skyldi lögfesta. Það varð þá Neskaupstaður í Norðfirði í staðinn fyrir Norðfjörður eins og hann hafði verið nefndur. Þetta heiti var tekið upp af Dönum eins og t.d. Ísafjörður fyrir Eyri við Skutulsfjörð og Fáskrúðsfjörður fyrir Búðir við Fáskrúðsfjörð (Alþingi, 31. mars 1928)



1931




Afhent var bæjarstjórn Neskaupstaðar nýju barnaskólabygginguna 27. September árið 1931, byrjað hefði verið að reisa hana á Ekruhæð vorið 1930 eftir langan undirbúning. Húsið var 30 metra langt og 10 metra breitt, á tveimur hæðum auk kjallara.

Á efri hæðinni var áhaldaherbergi og tveir íþróttasalir, milli salanna var draghurð sem gerði það af verkum að það væri hægt að gera einn stóran sal, fyrir samkomur. Á neðri hæðinni voru 4 kennslustofur, gangur og kennarastofa. Í kjallara var íbúð skólastjórans, miðstöðvarherbergi, skólaeldhús, smíðastofa og baðherbergi (Smári Geirsson, 2009).



1932



Samvinnufélag Útgerðarmanna (SÚN) var stofnað árið 1932. Tilgangur félagsins var að annast sameiginlega sölu fiskafurða, sameiginleg kaup á útgerðarvörum og að vinna að vöruvöndun og sem fullkomnasti hagnýtingu framleiðslunnar. Útgerðirnar höfðu fram á þessum tíma selt kaupmönnum afurðir sínar sem voru fyrst og fremst saltfiskur. Þetta skref má telja einstakt héraðs og með þessu skrefi var lagður grunnur að öflugum sjávarútvegi í höndum heimamanna. Félagið annaðist í upphafi m.a. sameiginleg innkaup á salti og aðstöðu fyrir fiskigeymslu í Hafnarhúsinu í miðbænum sem er nú orðið safnahús. Aðal freimleiðsluvaran var þá saltfiskur og frá árinu 1935 annaðist Samband Íslenskra fiskframleiðenda (SÍF) sölu á saltfiski félaga SÚN (Hjörleifur Guttormsson, 2005)




1936



Íshúsfélag Norðfirðinga kom upp hraðfrystihúsi í miðbænum á árunum 1936 og 1937 og það var þriðja hús sinnar tegundar hérlendis. Húsið stendur enn að hluta fyrir utan Egilsbúð og var lengi notað sem frystihús til að geyma matvæli. Félagið hóf byggingu á nýju hraðfrystihúsi eftir seinna stríð og hóf rekstur árið 1948. Kaupfélagið Fram tók svo við eignum félagsins árið 1951 og rak þetta hraðfrystihús í tvo áratugi en þá var starfsemi þess hætt (Hjörleifur Guttormsson, 2005).




1943



Árið 1943 var Sundlaug Norðfjarðar tekin í notkun og stendur enn í dag á sama stað. Sundlaugin var endurbyggð nánast frá grunni á árunum 2001 til 2006, fyrst 25 metra sundlaugarkarið og síðan þjónustuhúsið.

Í dag er Stefánslaug glæsileg útisundlaug með heitum útipottum, gufubaði og tveimur stórum rennibrautum (Stefánslaug Neskaupstað. Einstök fjallasýn, e.d.).



1949



Lagður var vegur til Eskifjarðar yfir Oddskarð árið 1949 sem þýddi að Norðfjörður komst í vegasamband við nágrannabyggðirnar, þó svo að það var ófært flesta vetur vegna snjó. Fram að þessu voru samgöngur við Norðfjörð fyrst og fremst á sjó (Neskaupstaður. Ferðavísir, e.d.).



1957




Í byrjun árs 1957 tók Fjórðungssjúkrahúsið í Neskaupstað til starfa. Stefán Þorleifsson hafði undir lokin forystu um byggingaframkvæmdirnar og hann var framkvæmdastjóri stofnunarinnar í nær þrjú áratugi. Á árunum 1980 – 1982 var svo nýtt deildarskipt sjúkrahús sem byggt var við hliðina á því eldra tekið í notkun í áföngum. Starfsræksla fjórðungssjúkrahússins hefur haft mikla þýðingu fyrir byggðarlagið og Austurland (Hjörleifur Guttormsson, 2005).



1957



11. desember árið 1957 var Síldarvinnslun hf stofnuð. Aðalhluthafi í upphafi var Samvinnufélag útgerðarmanna í Neskaupstað (SÚN) með 60% hlutfjár. Bæjarsjóður Neskaupstaðar lagði 10% hlutfjárins fram og Dráttarbrautin hf. Lagði 6% fram. Aðrir hluthafar voru 32 talsins. Félagið var í upphafi skilgreint sem almenningshlutfélag og tilgangur þess átti að vera að reisa og reka síldarverksmiðju, síldarverkun og annan skyldan atvinnurekstur í Neskaupstað. Aukin síldveiði úti fyrir austfjörðum var helsta ástæðan fyrir stofnun Síldarvinnslunnar hf, það var ljóst að það þyrfti að reisa afkastamikla síldarverksmiðju ef Neskaupstaður ætti að bæta samkeppnisstöðu sína sem síldarstaður (Sagan, e.d.).



1958



Farið var í framkvæmdir við byggingu síldarverksmiðjunnar í byrjun apríl árið 1958 og móttaka síldar í verksmiðjunni hófst 17. Júlí sama ár. Það má segja að þessi dagur marki tímamót í sögu Síldarvinnslunnar og Neskaupstaðar. Síldarvinnslan tók á móti fyrsta hráefninu til vinnslu og þennan dag mátti byrja að kalla Neskaupstað síldarbæ (Sagan, e.d.).



1963

2. Desember árið 1963 á fundi í stjórn Síldarvinnslunnar var tekin sú ákvörðun um að fyrirtækið byrjaði útgerð fiskiskipa. Það var samþykkt að láta smíða tvö 264 lesta síldveiðiskip í Austur-Þýskalandi og útgerð skipanna átti að tryggja síldarverksmiðju fyrirtækisins hráefni.

Barði NK 120 og **Bjartur NK 121** komu til heimahafnar í fyrsta sinn í mars og maí árið 1965. Útgerðin gekk strax vel hjá fyrirtækinu og það leið ekki á löngu þar til að tvö 300 lesta síldveiðiskip, sem smíðuð voru í Noregi bættust í flotann. **Börkur NK 122** kom árið 1966 og **Birtingur NK 119** árið 1967 (Sagan, e.d.).



1965




Árið 1965 var Náttúrugripasafnið í Neskaupstað stofnað. Bjarni Þórðarson, þáverandi bæjarstjóri var upphafsmaður að stofnun safnsins. Fyrsti forsstöðumaður safnsins var Hjörleifur Guttormsson líffræðingur og hann vann að uppsetningu safnsins.

Fyrsta sýning safnsins var í Gagnfræðaskólanum í Neskaupstað sumarið 1970, sumarið 1971 var síðan sýningin opnuð í leiguhúsnæði á Mýrargötu 37.

Árið 1987 gáfu systkinin Jóhann og Sigrún Sigmundarbörn safninu íbúðarhúsið sitt að Miðstræti 1, Jóhann hafði áður gefið safninu steinasafnið sitt. Um vorið árið 1989 flutti safnið í sitt eigið húsnæði að Miðstræti 1.

Fjarðabyggð skrifaði undir samning við Náttúrustofu Austurlands í mars árið 2002 þess efnis að Náttúrustofan tæki við rekstri safnsins fyrir sveitarfélagsins.

Í safninu eru flestir íslenskir fuglar, fjölda flækingar ásamt fiskasafni með ýmsum sjaldséðum fiskum. Á safninu eru einnig ýmsir hlutir af sjávarbotninum og vilt íslensk spendýr og flott steinasafn. Safnið varðveitir einnig austfirsk plöntuvísindasafn og skordýrasafn (Náttúrugripasafnið í Neskaupsstað, e.d.).



1965



8. maí 1965 var Golfklúbbur Norðfjarðar stofnaður. Golfvöllur Golfklúbbs Norðfjarðar er á bökkum Norðfjarðarár og það liggja fjórar brautir með henni. Það er bæði hægt að vera á golfbíl eða skutlu á golfvellinum þar sem hann er léttur yfirferðar og er einnig á sléttlendi. Það tókst að fá land undir golfvöll strax á fyrstu dögum klúbbsins, nú hefur bæjarfélagið eignast landið að hluta og framtíð klúbbsins er vel tryggð (Golfklubbur

Norðfjarðar, e.d.)



1974



Árið 1974 féllu tvö snjóflóð á Norðfirði.

Flóðin féllu á íbúðarhús, frystihús og síldarvinnslu.
með þeim afleiðingum að 12 manns fórust.

Norðfjörður var einangraður vegna ófærðar og
veðurs fyrstu tólf tímana eftir að flóðið féll (Gunnar


Gunnarsson, 2014).




1977



Árið 1977 voru Oddskarðsgöng opnuð. Byrjað hefði verið á göngunum árið 1972 og verkið hafði gengið mjög hægt m.a. vegna erfiðra jarðfræðilegra aðstæðna, frumstæðs tækjabúnaðar og skorts á fjármagni til framkvæmdanna. Á árunum 1972 til 1973 voru göngin sprengd og eru þau 441 m að lengd í bergi. Kostnaðurinn við verkið varð um tvöfalt meiri en upphaflega var gert ráð fyrir (Oddskarðsgöng, 2006).




1987



Súellen gaf út sína fyrstu breiðskífu árið 1987. Þá komst lagið „Símon er lasinn“ í fyrsta sæti vinsældarlista Rásar 2.

Eftir það komu svo út lög sem ber að nefna: Elísa ('88), Ferð án enda ('92) og Þessi nótt ('93) (Garðar

Eðvaldsson, 2011).




1993



Árið 1993 var Kajakklúbburinn KAJ (félag kajakræðara á Austurlandi) stofnaður og hefur farið stækkandi með ári hverju. Byggð hefur verið félagsaðstaða í Neskaupstað og nú eru rúmlega 50 félagar í kajakklúbbnum, búsettir víðsvegar um fjórðunginn.

Klúbburinn vinnur markvisst að uppbyggingu kajakíþróttarinnar á Austurlandi. Klúbburinn starfar innan ÍSÍ, og er með aðild að ÚÍA og Siglingasambandi Íslands (Ari Magnús Benediktsson, 2009).



2001




Málverkasafn Tryggva Ólafssonar var formlega opnað í September árið 2001. Magni Kristjánsson, skipstjóri og æskuvinnur Tryggva átti veg og vanda af stofnun safnsins. Safnið var fyrst í gamla Kaupfélagshúsinu í bænum, þar sem Hótel Hildibrand er nú. Árið 2007 var safnið svo flutt í núverandi húsnæði í Safnahúsið í Neskaupstað

(Málverkasafn Tryggva Ólafssonar: Liggur alltaf eitthvað á hjarta, e.d).




2001



Þann 8. desember árið 2001 kveiknaði í frystihúsinu þegar að verið var að kvikmynda eld fyrir kvikmyndina Hafið sem fór úr böndunum og húsið eyðilagðist. Talið var að tjónið hafi orðið vegna þess að starfsmenn kvikmyndafélagsins hefðu kveikt eldinn í húsinu í sterkum vindi og samkvæmt mæli veðurstofunnar var meðalvindur 15 m/sek þegar að tókurnar hófust en gekk á með

kviðum (Deilt um 76 milljóna tjón á frystihúsinu í Neskaupstað: Brann frystihús eða

kvikmyndaver?, 18. mars 2003).




2005



Eistnaflug var haldið í fyrsta skipti 27. Ágúst árið 2005 og síðan þá hefur það vaxið og er nú orðið að fjögurra daga tónlistarhátíð. Á Eistnaflugi eru það metal-, harðkjarna-, pönk-, rokk- og indí-bönd sem fá að deila sama sviðinu. Árið 2015 voru þær breytingar gerðar að hátíðin var færð úr Egilsbúð yfir í íþróttahúsið í Neskaupstað. Eistnaflug er einstakur tónlistarviðburður þar sem bæði erlend og íslensk bönd spila (Hvað í fjandanum er Eistnaflug?, e.d.).



2011



Á fyrri hluta ársins 2011 var farið í framkvæmdir á snjóflóðavörnum í Tröllagili í Neskaupstað. Mannvirkin samanstanda af 660 metra löngum þvergarði, um 420 metra löngum leiðigarði og 24 snjóflóðavarnarkeilum, auk stoðvirkja í 500 til 700 metra hæð. Samhliða verkinu voru gerðir vegslóðar og göngustígar ásamt minningarreit tileinkuðum þeim sem fórust í mannskæðu snjóflóði sem féll á byggðina árið 1974 (Framkvæmdum


við snjóflóðavarnir að ljúka, 30. október 2014).



2014



Fyrirtækið Hraustur var stofnað í ágúst árið 2014 af Hrönn Grímsdóttur og byrjaði sem jógastöð, haustið 2015 bættust svo við líkamsræktar tímar. Hraustur býður einnig upp á lífsstílnámskeið, koma í fyrirtæki með jóga og fræðslu og halda fyrirlestra fyrir hópa og fyrirtæki (Hrönn Grímsdóttir, e.d.).




2014




8. nóvember árið 2014 var Fab Lab Austurland formlega opnað á Tæknidegi fjölskyldunnar í Verkmenntaskóla Austurlands (Tæknidagur fjölskyldunnar 2014, 2014).

Fab Lab (Fabrication Laboratory) er stafræn smiðja sem gefur fólki tækifæri til að skapa og framkvæma með því að hanna, móta og framleiða hluti með aðstoð tækninnar (FabLab Austurland vígt, 10. nóvember 2014).



2016



Byrjað var að byggja nýjan leikskóla í Neskaupstað árið 2015 og sú bygging var tekin í notkun í ágúst árið 2016. Á nýja leikskólanum, sem heitir Eyrarvellir eru átta deildir, nöfn deildana á leikskólanum draga nöfnin sín frá ævintýrunum hjá Astrid Lindgren og þær eru: Sjónarhóll, Sólbakki, Glaumbær, Ólátagarður, Kattholt, Skarkalagata, Matthíasarborg og Saltkráka (Velkomin í skólann, e.d.).

Laugardaginn 17. september árið 2016 var formleg opnunarhátíð Eyrarvalla þar sem boðið var upp á skemmtun, ræður og veitingar (Opnunarhátíð Eyrarvalla, 2016).

HEIMILDIR

Alþingi. (31. mars 1928). *Tíminn*, bls 63.

Ari Magnús Benediktson. (2009). *Kaj, félag kajakræðara á Austurlandi*. Neskaupstaður: óútgefið.

Deilt um 76 milljóna tjón á frystihúsinu í Neskaupstað: Brann frystihús eða kvikmyndaver? (18. mars 2003). *Mbl.is*.

Sótt af: <http://www.mbl.is/greinasafn/grein/720330/>

FabLab Austurland vígt. (10. nóvember 2014). *Svn.is*. Sótt af: <http://svn.is/index.php?>

[option=com_content&view=article&id=640:fablab-austurland-vigt&catid=111&Itemid=101](http://svn.is/index.php?option=com_content&view=article&id=640:fablab-austurland-vigt&catid=111&Itemid=101)

Framkvæmdum við snjóflóðavarnir að ljúka. (30. október 2014). *Fjarðabyggð.is*. Sótt af: <http://www.fjardabyggd.is/>

[vidburdir-frettir-og-tilkynningar/lesa-frettir-og-vidburdir/framkvaemdum-vid-snjoflodavarnir-ad-ljuka](http://www.fjardabyggd.is/vidburdir-frettir-og-tilkynningar/lesa-frettir-og-vidburdir/framkvaemdum-vid-snjoflodavarnir-ad-ljuka)

Garðar Eðvaldsson. (2011). Súellen í Egilsbúð: Myndir. *Austurfrétt*. Sótt af: <http://www.austurfrett.is/lifid/sellen-egilsb-myndir>

Golfklubburinn Norðfirði. (e.d.). Sótt af: <http://www.golfkortid.is/golfklubbur-nordfirdi>

Golfklubbur Norðfjarðar. (e.d.). Sótt af: http://www.nat.is/golf/golf_austurland_nordfjordur.htm

Gunnar Gunnarsson. (2014). 40 ár frá snjóflóðunum í Neskaupstað: Síðan kom ógurlegur hvellur. *Austurfrétt*. Sótt af:

<http://www.austurfrett.is/frettir/2872-40-ar-fra-snjoflodunum-i-neskaupstad-sidan-kom-ogurlegur-hvellur>

Hjörleifur Guttormsson. (2005). *Austfirðir. Frá Reyðarfirði til Seyðisfjarðar*. Reykjavík: Ferðafélag Íslands.

Hrönn Grímsdóttir. (e.d.). *Hraustur*. Sótt af: <http://www.hraustur.is>

Hvað í fjandanum er Eistnaflug? (e.d.). Sótt af: <https://eistnaflug.is/2017/03/04/hvad-i-fjandanum-er-eistnaflug/>

Lítill áhugi íbúanna á snjóflóðavörnum. (1998). *Austurland*. Bls 6.

Málverkasafn Tryggva Ólafssonar: Liggur alltaf eitthvað á hjarta. (e.d.). Sótt af: <http://www.visitfjardabyggd.is/menning-og-afthreying/sofn/safn/malverkasafn-tryggva-olafssonar>

Náttúrugripasafnið í Neskaupsstað. (e.d.). Sótt af: <http://natturugripasafn.fjardabyggd.is/safnid/>

Neskaupstaður. Ferðavísir. (e.d.) Sótt af: http://nat.is/travelguide/neskaupstadur_ferdavisir.htm

Norðfjörður. (e.d.). Sótt af: <http://www.visitfjardabyggd.is/fjardabyggd/nordfjordur/>

Oddskaðsgöng. (2006). Árbók VFÍ/TFÍ. Bls 291.

Opnunarhátíð Eyrarvalla. (2016). Sótt af: <http://www.visitfjardabyggd.is/vidburdir/vidburdur/opnunarhatid-eyrarvalla-nys-leikskola-i-neskaupstad1>

Sagan. (e.d.). Sótt af: http://svn.is/index.php?option=com_content&view=article&id=9&Itemid=27

Smári Geirsson. (2009). *Norðfjarðarsaga: Síðari hluti. Frá 1895 til 1929*. Reykjavík: Hólar

Stefánslaug Neskaupstað. Einstök fjallasýn. (e.d.). Sótt af: <http://www.visitfjardabyggd.is/menning-og-afthreying/sundlaugar/sundlaug/sundlaug-nordfjarar>

Tæknidagur fjölskyldunnar 2014. (2014). Sótt af: <http://www.austurbru.is/is/frettir/taeknidagur-fjolskyldunnar-2014>

Velkomin í skólann. (e.d.). Sótt af: <http://www.eyrarvellir.leikskolinn.is/Upplýsingar/Velkomin-i-skolann>

Ögmundur Helgason. (2006). *Norðfjarðarsaga 1*. Reykjavík: Bókaútgáfan Hólar.

Brot af áhugaverðum ártölum í
sögu Norðfjarðar.